



## Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Efni: Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórnar vegna ársreiknings 2021

Þann 22. júní sl. barst Reykjavíkurborg bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) vegna ársreiknings 2021. Um er að ræða bréf sem sent er á sveitarfélög sem uppfylla ekki lágmarksviðmið EFS en þau eru ansi mörg um þessar mundir. Samkvæmt upplýsingum frá Innviðaráðuneytinu er ekki verið að óska eftir svörum frá Reykjavíkurborg heldur er tilgangur bréfsins að vekja athygli á lágmarksviðum EFS hjá nýjum sveitarstjórnarfulltrúum. Þá er lögð áhersla á að þessi fjárhagslegu viðmið séu höfð til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar í haust.

Fjármála- og áhættustýringarsvið kallaði eftir því að fá útreikninga fyrir Reykjavíkurborg á lykiltölum EFS. Bárust þau svör frá Innviðaráðuneytinu að eftirlitsnefndin hefði aðallega verið að horfa á A-hluta sveitarfélaga og hjá A-hluta Reykjavíkurborgar voru það þrjár lykiltölur sem voru undir lágmarksviðmiðum. Þetta voru *framlegð í hlutfalli af tekjum*, *rekstrarniðurstaða* og *veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum*. Árið 2021 hefði framlegðin átt að vera að lágmarki 6,1% í hlutfalli af tekjum en var 2,8%. Veltufé frá rekstri hefði átt að vera að lágmarki 3,1% í hlutfalli af tekjum en var 0,3%. Að lokum var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 2,7% í hlutfalli af tekjum en hefði átt að vera jákvæð. Þá bárust einnig þau svör að Reykjavíkurborg hefði uppfyllt öll lágmarksviðmið fyrir A- og B hlutann. Vakin er athygli á því að Reykjavíkurborg uppfyllti skilyrði um jafnvægisreglu og skuldareglu skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga en þeim skilyrðum hefur verið tímabundið vikið til hliðar. Ljóst er að rekstrarumhverfi sveitarfélaga er ansi krefjandi um þessar mundir en samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga var A-hluti 39 sveitarfélaga með rekstrarhalla á árinu 2021.

Árið 2020 var í fyrsta sinn samþykkt fjármálastefna fyrir Reykjavíkurborg þar sem sett eru markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma. Fjármálastefnan byggir á grunngildum borgarinnar um *sjálfbærni*, *varfærni*, *stöðugleika*, *festu*, *fyrirsjáanleika* og *gagnsæi* sem varða leið borgarinnar að því að uppfylla fjármálareglur sveitarfélaga. Í markmiðasetningu fyrir tímabilið 2021-2025 er tekið tillit til þess fjárhagslegs áfalls sem borgin varð fyrir í tengslum við heimsfaraldur COVID-19 og lögð fram áætlun um efnahagslega endurreisn. Árið 2021 uppfyllti Reykjavíkurborg öll markmið sem sett voru í fjármálastefnunni. Gert er ráð fyrir að fjármálastefnan verði endurskoðuð í haust og verður í þeirri vinnu m.a. horft til lágmarksviðmiða EFS ásamt fjárhagsviðmiðum í 64. gr. sveitarstjórnarlaga.

Haldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs